



*KKA – Akstursíþróttafélag*  
[www.kka.is](http://www.kka.is)

KEA  
Ásta Guðný Kristjánsdóttir  
Glerárgötu 36  
600 Akureyri

Akureyri 29. nóvember 2010

**Efni: Þakkir til KEA vegna styrkveitingar 2010.**

Ágæta Ásta,  
KKA Akstursíþróttafélag þakkar kærlega fyrir skemmtilega og vel heppnaða samkomu þann 23. nóv. s.l. þar sem tilkynnt var formlega um styrkveitingar KEA í ár.


Enn meira þakkar KKA KEA fyrir sjálfan styrkinn sem KEA var búið að afhenda félaginu fyrir nokkru. Styrkurinn gerði félaginu kleift að þökuleggja gríðarstórt svæði, sem m.a. verður notað sem byrjendaæfingasvæði fyrir allra yngstu meðlimi félagsins. Peningar í grasrót íþróttastarfs margfaldast hjá félaginu rétt eins og fiskarnir forðum sem Jesús blessaði. Fyrir styrkfé KEA gat KKA þökulagt 2600 m<sup>2</sup> svæði.



**Mynd frá þökulagningu.**



Hér sést yfir íþróttasvæði KKA. Motocrossbrautin til vinstri, barnabrautin til hægri, húsið fyrir miðri mynd, þökulagða svæðið til hægri og svo enduros svæði félagsins efst og til hægri meðfram veginum upp í Skíðahótel.



Þökulagði völlurinn fyrir miðri mynd. KKA hefur

bls. 2 af 3

grætt upp svæðið síðan 2005 er það tók við svæðinu sem verið hafði málarnáma.



Virðingarfyllst,  
Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA.

bls. 3 af 3